



## Aðalfundur Samtaka aldraðra 2011

<<HEITI>>

<<HEIMILI>>

<<PÓSTNÚMER>> <<Póststöð>>

Aðalfundur Samtaka aldraðra verður haldinn föstudaginn 15. Apríl. 2011 í safnaðarheimili Grensássóknar og hefst fundurinn kl. 13.00.

Veitingar í boði Samtakanna, kleinur, tertur og kaffi.

Stjórn Samtaka aldraðra


### Fundarefni:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Ávarp formanns velferðarráðs Bjarkar Vilhelmsdóttur borgarfulltrúa.
3. Kynning á framtíðarverkefnum Samtakana.
4. Önnur mál.
5. Stjórnarkjör.



**Vinsamlegast takið þetta fréttabréf með ykkur á aðalfundinn til staðfestingar á félagsaðild**

**Skrifstofa samtaka aldraðra vill benda félagsmönnum á að nýjar nýkomnar endursöluíbúðir eru skráðar á baksíðu fréttabréfsins. En endursöluíbúðir sem hafa verið auglýstar áður má sjá á heimasíðu samtakanna [www.aldradir.is](http://www.aldradir.is)**





## Líkur eru á að bráðlega verði tilkallaðir heiðursmenn til að taka fyrstu skóflustungu að nýju húsi

Eins áður hefur fram komið hefur verið sótt um lóðina Skógarvegur 16 sem borgarráð afgreiddi til umsagnar embættismanna. Í framhaldi viðræðna sem formaður átti við Ágúst Jónsson skrifstofustjóra Framkvæmdarsviðs borgarinnar nú í mars byrjun, er umsókn endurnýjuð og komin á fullt skrið í borgarkerfinu og væntum við þess að umsókninni verði svarað jákvætt, því eftirspurn er rífleg. Lóðin rúmar 20 íbúðir. Félagsmönnum hefur verið send fyrirspurn um áhuga, ásamt með lýsingu húss og íbúða, frestur til svara er til 5. maí 2011. Það er auðvitað gert með fyrirvörum um að við stöndum við nýja skilmála borgarinnar, en þar segir m.a.: **Sérskilmálar um úthlutun lóða**

## Úthlutun lóða til félaga og samtaka eldri borgara fyrir fyrir íbúðir Reykvíkinga 67 ára og eldri. 02.06.2009

Meginmarkmiðið er að stuðla að uppbyggingu sérhannaðra íbúða á góðum kjörum fyrir eldri borgara í Reykjavík. Þjónustustig í íbúðunum getur verið mismunandi.

Tryggja þarf að íbúðir sem byggðar eru verði áfram seldar á kostnaðarverði þegar þær skipta um eigendur.

Hagur Reykjavíkurborgar er að eldri borgarar búi í húsnæði sem er sérhannað með tilliti til þarfa þeirra, þannig að fólkíð geti búið sem lengst heima.

### 1. KAFLI - LÓÐIR

- Auk þessara sérskilmála gilda deiliskipulagsskilmálar og almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar um úthlutun lóða.
- Af lóðum greiðist almennt gatnagerðargjald samkvæmt gjaldskrá. Ekki skal greiða sérstaklega fyrir byggingaréttinn.
- Úthlutun lóða er með kvöð þess efnis að um er að ræða íbúðir eldri borgara, þjónustu- og öryggisíbúðir þar sem tekið er mið af þjónustustigi íbúða og þjónustuþörf. Sjá meðfylgjandi skilgreiningar.
- Leigusamningur verður ekki gerður um lóðina fyrr en lokið hefur verið við að steypa sökkla og plötu húss og eftir atvikum einnig bílageymslu sem er neðanjarðar.
- Áður en úthlutun lóðar fer fram skulu aðilar sýna borgaryfirvöldum fram á fjárhagslega burði til þess að byggja íbúðir eldri borgara, þjónustu- og öryggisíbúðir sem úthlutun þessi fjallar um annaðhvort með yfirlýsingu fjármálastofnunar eða byggingarfélags sem borgaryfirvöld samþykkja.
- Engin fyrirheit eru um neins konar fjárframlög úr borgarsjóði til byggingar eða reksturs þjónustu- og öryggisíbúða á úthlutaðri lóð né þjónustumiðstöð.

### 2. KAFLI – ÍBÚÐIR

- Í leigusamningi um lóðir skal vera kvöð þess efnis, að Reykjavíkurborg hafi rétt á að taka á leigu eða kaupa allt að 20% íbúða samkvæmt sérsamningi. Ganga skal frá leigusamningi eða kaupsamningi í hvert sinn sem nýtt hús er byggt, áður en lóðarhafi ráðstafar íbúðum í því. Ef borgin kys að nýta ekki þennan rétt sinn nema að hluta (t.d. 10%) þá getur hún ekki krafist fleirri íbúða seinna.



- b) Í leigusamningi um lóðir skal vera kvöð þess efnis að sá sem hefur keypt íbúð eldri borgara, þjónustu- og/eða öryggisíbúð að tilhlutan Reykjavíkurborgar, félags og/eða samtaka aldraðra skuli strax og hann vill selja, bjóða viðkomandi félagi eða samtökum eða Reykjavíkurborg (í þessari röð) að kaupa eignina. Ef þeir vilji ekki kaupa fyrir framreiknað kostnaðarverð (sbr. c-lið) þá sé honum heimilt að selja eignina til utanaðkomandi kaupanda. Aldursmörk ( sbr. d-lið ) gilda gagnvart kaupandanum og skal hann vera félagi í viðkomandi félagi eða samtökum aldraðra.
- c) Söluverð íbúða má aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar, að viðbætti verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu eða 2% á ári.
- d) Í þessum skilmálum er miðað við að eldri borgari hafi náð 67 ára aldri. Heimilt er að gera undantekningu frá þessu ef ástæða þyki til.
- e) Þær íbúðir sem Reykjavíkurborg kaupir eða leigir samkvæmt a-lið verður úthlutað samkvæmt mati Reykjavíkurborgar þar sem tekið er tillit til líkamlegs og andlegs heilsufars umsækjanda, aldurs, félagslegra aðstæðna og húsnæðisstöðu.
- f) Samtök eða félög eldri borgara sem fá úthlutað lóðum skulu setja sér reglur um úthlutun á kauprétti.

## Lýsing á arkitekts af fyrirhuguðu húsi.

„Samkvæmt gildandi deiliskipulagi, þá má reisa á lóðin að Skógarvegi 16 þriggja hæða fjölbýlishús auk bílakjallari.

Fjöldi fyrirhugaðra íbúða í húsinu er 17 talsins um 120m<sup>2</sup> hver auk rýmis/salar undir sameiginlega aðstöðu. Þannig yrðu um sex íbúðir á hvorri efri hæðanna en fimm á þeirri neðstu auk sameiginlega rýmisins. Fyrirkomulag íbúða og aðgengi að þeim yrði um lokaðan svalagang frá norðri, en sjálfar myndu íbúðirnar opna sig til suðurs en á þeirri hlið yrðu veglegar svalir. Stigahús og lyfta yrði norðanmegin við húsið og tengjast göngum.

Í kjallara sem í er ekið úr austri, yrði eitt bílastæði per íbúð auk rúmgóðrar geymslu fyrir hverja íbúð. Tækni og inntaksrými yrðu einnig í kjallara, sameiginleg geymslu fyrir dekk og fleira auk aðstöðu til þvotta á bifreiðum. Tuttugu og sjö bílastæði eru norðan við húsið, þar af fimmtán bílastæði á lóðinni sjálfri.

Húsið er fyrirhugað að einangrað að utan, gluggar verði timbur-álguggar og á svölum verði glerlokanir. Frágangur og skil íbúða verður í tekt við það sem tíðkast hefur við seinustu hús ofar í hverfinu.“



## Nú er að duga eða drepast!.

## 67+ voru um 26.000 í desember 2010.

## En verða um 59.000 í desember 2030.



## Aflagrandi 40

3ja herbergja íbúð á 3ju hæð, merkt 03-01 er til sölu. Íbúðin er 80,1 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 3,5 m<sup>2</sup> er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu og gangi er eikarparket. Korkflísar eru á svefnherbergi, herbergi, eldhúsi og geymslu. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting er með ljósum hurðum, beykikantlímdar. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél, fjórar hellur. Wirpool vífta yfir eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Svölum er lokað með einföldu gleri. Gólfid er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. **Framreiknað verð er kr 23.190.000.**

## Aflagrandi 40

2ja herbergja íbúð merkt 0303 á 3.hæð á Aflagrandi 40 er til sölu. Íbúðin er 69,1m<sup>2</sup> að stærð. Vinyldúkur með parket-áferð er á gólfum í stofu, eldhúsi, svefnherbergi og gangi. Baðherbergið er með innréttingu með innbyggðri handlaug, veggdúk á veggjum, sturta, á gólfi er vinyldúkur og tengi fyrir þvottavél. 2.geymslur fylgja íbúðinni önnur innan íbúðar sem er með korkflisum á gólfi og hillur ca.9 m. Hin geymslan í kjallara. Svalir eru ekki yfirbyggðar, gólfid málað. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara eru á jarðhæð hússins. Húsgjöld þessara íbúðar er 16.453,- pr. mánuð. Húsvörður er í húsinu. **Framreiknað verð er kr.23.116.000,00**

## Aflagrandi 40

2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-02 er til sölu. Íbúðin er 69,1 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 3,5 m<sup>2</sup> er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket. Parket þarfnast lagfæringar. Korkflísar á herbergjum og geymslu. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalir eru lokaðar með gleri í álprófflum. Gólfid er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í austur og suður. **Framreiknað verð er kr 20.320.000,-.**

## Aflagrandi 40

3ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-06 er til sölu. Íbúðin er 80,1 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 3,5 m<sup>2</sup> er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, herbergi, eldhúsi og gangi er eikarparket. Korkflísar eru á svefnherbergi og geymslu. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalagólfid er málað. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í vestur og norður. **Framreiknað verð er kr 22.650.000,-.**

## Aflagrandi 40

2ja herbergja íbúð á 10. hæð, merkt 10-05 er til sölu. Íbúðin er 69,0 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla 3,5 m<sup>2</sup> er innan íbúðar og í kjallara er einnig sérgeymsla. Á stofu, herbergi, svefnherbergi, eldhúsi, gangi og geymslu eru korkflísar. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Electrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með vinyldúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhengi er í sturtuhorni. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalagólfid er flísalagt. Svölum er lokað með einföldu gleri í álrömmum. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í vestur og norður. **Framreiknað verð er kr 20.420.000,-.**

## Dalbraut 16

2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-05, er til sölu. Íbúðin er 56,7 m<sup>2</sup> samkvæmt Fasteignaskrá Íslands. Sér geymsla er í kjallara um 3,5 m<sup>2</sup>. Búr er inn af eldhúsi.

Parket úr beyki er á stofu, svefnherbergi, eldhúsi og gangi. Vinyldúkur er á baði. Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með beykispæni. Helluborð og bakaraofn eru frá Electrolux. Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri handlaug og tengingum fyrir þvottavél. Á svalagólfi er grasteppi. Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með lituðu áli. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. Íbúðin er í mjög góðu standi. **Framreiknað verð er kr 17.410.000,-.**

## Dalbraut 18

2ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-03 er til sölu. Íbúðin er 64,5 m<sup>2</sup>. Geymslur eru innan íbúðar og í kjallara. Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi, gangi og geymslu er eikarparket. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki. Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og gleri. Electrolux eldavél með fjórum hellum. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara. **Framreiknað verð er kr 19.720.000,-.**

## Dalbraut 20

3ja herbergja íbúð á 2. hæð, merkt 02-01 er til sölu. Íbúðin er 76,1 m<sup>2</sup>. Geymsla eru innan íbúðar og í kjallara. Á stofu, eldhúsi, svefnherbergi, herbergi, gangi og geymslu eru korkflísar. Vinyldúkur á baði. Gólfid í miðbik íbúðar hefur sigið um ca. 10 mm. Áberandi við léttu vegg að gangi. Eldhúsinnrétting og fataskápar eru með ljósum hurðum kantlímdum með beyki. Innihurðir eru spónlagðir með beyki spæni. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhengi er um sturtuhorn. Electrolux eldavél með fjórum hellum. Raffa vífta. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara er í kjallara. **Framreiknað verð er kr 23.440.000,-.**

## Sléttuvegur 23

3ja herbergja íbúð á 3. hæð, merkt 03-04, er til sölu. Íbúðin er 92,9 m<sup>2</sup> samkvæmt fasteignaskrá Íslands. Sér geymsla er í kjallara 6,7 m<sup>2</sup>. Parket úr beyki er á stofu, herbergjum, og gangi. Flísar á eldhúsi, baði og anddyri. Innihurðir, eldhúsinnrétting og skápar eru spónlagðir með eikarspæni. Keramik helluborð. Bakarofn í borðhæð. Háfur yfir helluborði. Uppþvottavél og ísskápur með frystir frystir fylgir með. Baðherbergisveggir eru flísalagðir í hæðina 210 cm. Innrétting er með innbyggðri handlaug og tengingum fyrir þvottavél. Sturtuklefi úr áli og hertu gleri. Svölum er lokað með hertu gleri. Svalagólf er flísalagt. Útveggir eru einangraðir að utan og klæddir með lituðu áli. Sameiginlegt þvottahús er í kjallara með þvottavél og þurrkara. Íbúðin er í mjög góðu standi. **Framreiknað verð er kr 30.000.000,-.**

## Bólstaðarhlíð 41

2ja herbergja íbúð á 4. hæð, merkt 04-05 er til sölu. Íbúðin er 69,9 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla er innan íbúðar. Á stofugólfi og gangi eru teppi. Korkflísar á svefnherbergi og eldhúsi. Vinyldúkur á baði og geymslu. Eldhúsinnrétting, fataskápar og innihurðir eru spónlagt með ljósum spæni. Rúllugardínur fyrir stofugluggum og svefnherbergi fylgja með. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. **Framreiknað verð er kr 19.020.000,-.**

## Bólstaðarhlíð 45

2ja herbergja íbúð á 5. hæð, merkt 05-03 er til sölu. Íbúðin er 42,9 m<sup>2</sup>. Á stofu og eldhúsi er eikarparket. Korkflísar á svefnherbergi. Nýlegur vinyldúkur á baði. Í eldhúsi er nýlegt helluborð og vífta. Sérgeymsla fylgir íbúðinni, staðsett á sömu hæð. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. **Framreiknað verð er kr 17.735.000,-.**

## Bólstaðarhlíð 45

3ja herbergja íbúð á 6. hæð, merkt 06-02 er til sölu. Íbúðin er 85,4 m<sup>2</sup>. Sérgeymsla er innan íbúðar. Gólfefni: Á stofu, svefnherbergi og gangi er korkflísar. Vinyldúkur á eldhúsi, baði og geymslu. Eldhúsinnrétting, fataskápar og innihurðir eru spónlagt með ljósum spæni. Nýleg innrétting á baði, tengimöguleiki fyrir þvottavél. Íbúðin er á ágætu standi. Útsýni norður og austur. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. **Framreiknað verð er kr 22.700.000,-.**